

Breyting á samningi mennta- og menningarmálaráðuneytisins við Kvikmyndaskóla Íslands - Menntastofnun ehf. kt. 620503-2230 dags. 2. nóvember 2015.

Kvikmyndaskóli Íslands hefur upplýst mennta- og menningarmálaráðuneytið um að hann geti að óbreyttu ekki staðið við gildandi þjónustusamning. Til að forða því að starfsemi skólans stöðvist á allra næstu dögum, sem m.a. myndi aftra því að nemendur ljúki námi á vormisseri og útskrifist frá skólanum í næsta mánuði gera samningsaðilar með sér eftirfarandi samkomulag um breytingar á gildandi samningi aðila. Breytingarnar eru í samræmi við gr. 9.2 og varða gr. 5.6 og 9.1. Áréttað er að samningsbreytingin grundvallast eingöngu á því sjónarmiði að tryggja hagsmuni nemenda sem stunda nám við skólann og hafa m.a. greitt skólagjöld.

1. gr.

Samkomulag þetta er skilyrt því að allir skráðir nemendur skólans fái kennslu skv. námsskrá út vorönn 2018, þreyti próf og fái vitnisburð um námsstöðu eða útskrift eftir því sem við á fyrir lok maímánaðar 2018 eins og gildandi samningur frá 2. nóvember 2015 kveður á um.

2. gr.

Samningstími sbr. gr. 9.1 er til 31. maí 2018 í stað 31. desember 2018.

3. gr.

Til að tryggja að unnt verði að ljúka vorönn 2018 hjá skólanum eru eftirfarandi breytingar gerðar á greiðslum skv. núgildandi samningi:

1. Hinn 13. apríl nk. greiðir ráðuneytið Kvikmyndaskólanum kr. 25.000.000 m. fyrirframgreiðslu af framlagi skólans skv. þjónustusamningi sem ella hefði átt að greiða á haustönn 2018. Greiðslan er bundin því skilyrði að neðangreindir kröfuhafar skólans hafi lagt fram staðfesta yfirlýsingu þess efnis að þeir afturkalli fyrirliggjandi gjaldþrotabeiðnir. Greiðslan skal fara til að greiða eftirfarandi skuldir:
 - a. Lögheimtunni fyrir hönd Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda
 - b. Tollstjóra vegna ógreiddra opinberra gjalda
 - c. Gjaldheimtunni fyrir hönd Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins
 - d. Lögum lögmannsstofu vegna Lífeyrissjóðs verslunarmanna
 - e. Lögheimtunni fyrir hönd Frjálsa lífeyrissjóðsins


2. Þegar Kvikmyndaskóli Íslands hefur lagt fram fullnægjandi gögn um að beiðnir um gjaldþrot hafi verið afturkallaðar greiðist framlag til skólans vegna útskriftarverkefna nemenda kr. 200.000 á nemanda samtals kr. 6.600.000.
3. 1. maí 2018 greiðast kr. 8.000.000, skv. sömu skilyrðum og í 2. tl. þessarar greinar.
4. Lokagreiðsla kr. 14.000.000,- greiðist 31. maí 2018 skv. sömu skilyrðum og í 2. tl. þessarar greinar enda hafi forsvarsmenn skólans sýnt fram á að allir nemendur hafi fengið vitnisburð um námsstöðu eða útskrift.
5. Allar ofangreindar greiðslur verða lagðar inn á vörslureikning lögmanns Kvikmyndaskólans, (Jóns Þórissonar) hjá Essens lögfræðiþjónustu slf. kt. 490817-0850. Reikningur: 301-26-10694.
6. Eftirstöðvar heildarframlags kr. 6.608.000,- verða nýttar til úttekta og uppgjöra tengdum samningsgerðinni.

4. gr.




Úttekt verður gerð á Kvikmyndaskóla Íslands áður en af frekari samstarfi verður að ræða enda þarf framtíðarsýn forsvarsmanna skólans og stjórnvalda að vera hin sama.

Reykjavík, 12. apríl 2018

F.h. mennta- og menningarmálaráðuneytis


Rósa d. Stefánsdóttir

F.h. Kvikmyndaskóla Íslands


141079-4099

1205544099

1205544099